

Menntaskólinn í Kópavogi

Ársskýrsla 2021

Hótel og matvæðaskólinn
Leiðsöguskólinn



Efnisyfirlit

Inngangur skólameistara	3
Hlutverk og stefna	5
Námsframboð og nemendafjöldi	6
Brotthvarf	8
Brautskráningar	10
Félagslíf í MK.....	11
Forvarnir	12
Námsráðgjöf í MK	13
Erlent samstarf	14
Afrekssviðið	15
Starfsbraut.....	17
Jafnréttismál.....	18
Fagnámskeið.....	18
Umhverfismál	19
Upplýsinga- og tækniver.....	20
Leiðsöguskólinn	21
Mannauður	24
Fjármál 2021.....	27

Inngangur skólameistara

Árið 2021 var lítað af samkomutakmörkunum vegna covid faraldursins. Skólastarf á vorönn var talsvert raskað vegna samkomutakmarkana þar sem m.a. nemendafjöldi var takmarkaður í hverju rými og stökkatafla var með sérstöku sniði þar sem miðað var við að nemendur væru lengur í hverri kennslustund í færri skipti vikulega. Það var gert svo okkur tækist að búa til ramma utan um staðkennslu án þess að fara út fyrir fjöldamörk í hverju rými. Grímuskylda var viðvarandi í öllu skólastarfi á árinu og flestir fundir utan reglulegra kennslustunda voru á Teams. Þetta var einkum erfitt fyrir nemendur og kennara í verknámi sem þurftu að standa langar vaktir í hita og raka með grímu fyrir vitum sér



1 Forseti Íslands og skólameistari MK

Það var frekar dauft yfir félagslífi nemenda sem flestir héldu sig heima utan skóladagsins eða hittust í smærri hópum. Okkur tókast þó að nýta „glugga“ sem opnaðist snemma hausts 2021 og slá í tvær nýnemaferðir. Nýnemar haustið 2021 fóru á Flúðir og annars árs nemendur fengu nýnemaferðina sem ekki var farin haustið 2020. Þetta var kærkomið tækifæri til þess að brjóta upp skólastarfið og þetta raðir nemenda. Svona gekk þetta svo meira og minna allt árið, slakað og hert á víxl.

Það er hins vegar ekki hægt að segja að lognmollan hafi svifið yfir vötnum innan skólans. Haustið 2021 var kennsla hafin á grundvelli endurskoðaðrar námskrár skólans í bóknámi. Það er trú okkar að ný námskrá muni styðja nemendur 21. aldarinnar inn í framtíðina þar sem við gerum umhverfisfræði að skyldugrein á öllum brautum ásamt kynjafræði, lýðheilsu og fjármálalæsi. Umsjón og utanumhald

með nemendum hefur einnig verið stóraukin þar sem nemendur hafa sérstakan umsjónarkennara og reglulega lífsleiknitíma fyrstu tvö árin sín í skólanum.



2 Nemendur á lokaári í bakstri æfa brúðartertugerð

Kennarar skólans hafa líka verið að þróa dreifnám í matsveinanámi og matartæknanámi þar sem nemendum af landsbyggðinni gefst nú kostur á að ná sér í starfsréttindi án þess að rífa sig upp með rótum og flytja í „bæinn“. Nú er boðið upp á bóklega hlutann í fjarkennslu og nemendur koma svo í skólann þrisvar sinnum yfir önnina í stífar lotur þar sem verklegi hlutinn er æfður.

Þriðja kennslueldhús skólans var endurnýjað sumarið 2021 og nú er skólinn með þrjú 14 nemenda kennslueldhús þar sem aðstaða er ekkert minna en frábær.



3 Sjálfsafgreiðsla í mótuneyti skólans

Mótuneyti skólans tók gagngerum breytingum á árinu, bæði eldhús og afgreiðsluhluti var endurnýjaður frá grunni. Menntaskólinn í Kópavogi er þar með fyrsta ríkisstofnun landsins fyrir utan Landspítalann, sem býður að öllu leyti upp á

sjálfsafgreiðslu í mötuneyti þar sem nemendur greiða fyrir mat samkvæmt vigt.

Sú nýbreytni var líka tekin upp að hausti að bjóða öllum nemendum skólans upp á ókeypis hafragraut alla morgna. Kennarar skólans tala um það sérstaklega hvað það færir mikil ró yfir nemendur eftir morgunfrímínúturnar, en þá koma þau í tíma með fullan maga af hollum og saðsömum hafragraut.



4 Dorota setur fram hafragrautinn á köldum vetrarmorgni

Fjöldmörg önnur umbótaverkefni hafa verið í vinnslu á árinu og sjáum við afrakstur þeirra á næstunni.



5 MK fjölskyldan. Stefán og Vanessa vinna bæði í MK Sætabrauðið sem er með þeim á myndinni er ungrú Auður Rafaela




6 Nemendur í grunndeild matvæla opna kjötbúð og selja afrakstur vetrarins

Enn bíður okkar verkefni að laða að fleiri nemendur í matvælagreinarnar, okkur vantar nemendur í kjötið og framreiðslu og lítum við til dreifnámsformsins þar sem áhugi er fyrir því að bjóða upp á dreifnám í fleiri greinum en matsveininum.



7 Kennslustund á covid tímum

Það er ástæða til þess að þakka starfsfólki Menntaskólans í Kópavogi sérstaklega fyrir frábært starf á árinu. Þetta ár hefur reynt okkur öllum erfitt og reynt á jákvæðni og útsjónarsemi sem MK liðið hefur nóg af.



8 Nemendur afgreiða sig sjálfir í mötuneyti skólans

Hlutverk og stefna

Menntaskólinn í Kópavogi starfar samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla undir yfirstjórn menntamálaráðherra.

Hlutverk skólans er kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, kennsla á iðn- og verknámsbrautum, einkum í matvælagreinum, og kennsla í leiðsögn um landið í kvöldskóla, allt með áfanga- og fjölbrautasniði.

Skólinn stuðlar að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Í skólastarfinu skal búa nemendur undir störf og frekara nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, þjálf þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar.

Í skólanámskrá mótar skólinn stefnu sína og markmið skólastarfsins, skipulag skólans og reglur, námsbrautir og áfangalýsingar. Stefna Menntaskólans í Kópavogi er að veita nemendum möguleika til menntunar og þroska á þeirra forsendum í framsæknum skóla. Skólinn kappkostar að bjóða hagnýtt og fjölbreytt nám sem undirbýr nemendur fyrir störf í atvinnulífinu eða frekara nám.




Mynd 10 Nemendur láta fara vel um sig í Orminum sem hefur fengið andlitslyftingu, með nýjum sófum.

Menntaskólinn í Kópavogi leggur áherslu á þekkingu, þroska, þróun og þátttöku í allri starfsemi skólans með hag nemenda og starfsmanna að leiðarljósi.

Til að vinna að hlutverki og stefnu skólans hefur skólinn skilgreint eftirfarandi stefnuskjöl sem birt eru á heimasíðu skólans (www.mk.is) og í stjórnunarhandbók MK.

- Alþjóðastefna
- Eineltis- og áreitnistefna
- Fjölmenningarstefna
- Forvarnarstefna
- Gæðastefna
- Heilsustefna
- Innkaupastefna
- Jafnréttisstefna
- Menntastefna
- Starfsmannastefna
- Stjórnunarhættir
- Umhverfisstefna
- Upplýsingatæknistefna




Mynd 9 Glænýr skólameistari

Námsframboð og nemendafjöldi

Það er vekur athygli að í Menntaskólanum í Kópavogi er nokkur kynjahalli. Sé litið til hlutfalls karla og kvenna í skólanum sést að heilt yfir er hlutfall karla af nemendum skólans yfir 60%. Á haustönn 2021 var hlutfall karla 64%. Sé litið til nemenda á Afreks sviði eingöngu er hlutfall karla 74% á haustönn 2021.

Í matvælagreinum má einnig sjá skýra kynjaskiptingu á milli greina. Hlutfall karla í matreiðslu er um 80% en enginn karl er meðal matartæknanema. Eins og sjá má á tölum um þróun nemendafjölda frá árinu 2010 fækkaði nemendum verulega í skólanum frá haustinu 2015 en þá var námstími í almennu bóknámi stytur úr fjórum árum í þrjú.



Mynd 11 Nýr Ormur, en miðrymið í austurálmú skólans dregur nafn sitt af sófanum

2021	Vorönn					Haustönn				
	Konur	Karlar	Samtals	Hlutfall KVK	Hlutfall KK	Konur	Karlar	Samtals	Hlutfall KVK	Hlutfall KK
AFREKSÍPRÓTTASVIÐ, FÉLAGS- OG HUGVÍSINDABRAUT	6	7	13	46%	54%	11	12	23	48%	52%
AFREKSÍPRÓTTASVIÐ, VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIBRAUT	1	15	16	6%	94%	3	33	36	8%	92%
AFREKSÍPRÓTTASVIÐ, OPIN BRAUT	11	19	30	37%	63%	14	40	54	26%	74%
AFREKSÍPRÓTTASVIÐ, RAUNGREINABRAUT	6	13	19	32%	68%	8	17	25	32%	68%
SAMTALS AFREKSÍPRÓTTASVIÐ	24	54	78	31%	69%	36	102	138	26%	74%
ALPJÓÐABRAUT	2	0	2	100%	0%	0	0			
FÉLAGS- OG HUGVÍSINDABRAUT	62	21	83	75%	25%	83	19	102	81%	19%
VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIBRAUT	16	52	68	24%	76%	21	53	74	28%	72%
RAUNGREINABRAUT	20	35	55	36%	64%	20	143	163	12%	88%
OPIN BRAUT	70	87	157	45%	55%	77	87	164	47%	53%
FRAMHALDSSKÓLABRAUT	14	37	51	27%	73%	5	23	28	18%	82%
FRAMHALDSSKÓLABRÚ						13	23	36	36%	64%
SÉRDEILD - STARFSBRAUT EINHVERFRA	6	9	15	40%	60%	16	10	26	62%	38%
BAKARAÐN	5	11	16	31%	69%	6	9	15	40%	60%
MATREIÐSLA	14	68	82	17%	83%	11	38	49	22%	78%
FRAMREIÐSLA	7	12	19	37%	63%	6	12	18	33%	67%
KJÖTIÐN	0	1	1	0%	100%	0	2	2	0%	100%
GRUNNDEILD MATVÆLA- OG FERÐAGREINA	11	25	36	31%	69%	14	36	50	28%	72%
MATSVEINAR	29	4	33	88%	12%	22	7	29	76%	24%
MATARTÆKNABRAUT	1	0	1	100%	0%	5	0	5	100%	0%
ÓTILGREINT NÁM	1	0	1	100%	0%	3	7	10	30%	70%
LEIÐSÖGUNÁM	22	29	51	43%	57%	27	26	53	51%	49%
MEISTARANÁM	14	38	52	27%	73%	16	42	58	28%	72%
IDNSTÚDENTSBRAUT	1	1	2	50%	50%	1	1	2	50%	50%
Samtals	343	538	881	39%	61%	418	742	1160	36%	64%



12 Nemendur í matreiðslu undibúa veislu. Kennari: Ægir Friðriksson

Yfirlit yfir þróun nemendafjölda 2010-2021

	H2010	H2011	H2012	H2013	H2014	H2015	H2016	H2017	H2018	H2019	H2020	H2021
Félagsfræðabraut	383	428	376	340	319	286	246	211	140	111	113	124
Framhaldsskólabraut	28	42	45	41	48	47	49	58	58	65	61	64
Opin braut	0	0	0	0	0	0	12	45	125	162	223	218
Raungreinibraut	248	260	272	246	249	233	204	160	120	87	87	74
Starfsbraut	8	14	12	9	13	14	15	14	13	16	19	26
Viðskipta- og hagfræðibraut	89	97	108	117	114	126	117	120	84	84	89	109
Iðnstúdentar	1	1	2	5	4	2	2	0	1		2	2
Bakaraíðn	7	6	4	8	8	6	7	8	15	13	15	15
Framreiðsla	13	11	17	24	30	26	27	28	31	34	24	18
Grunndeild matvæla og ferðagreina	117	79	86	81	80	102	64	85	36	27	39	50
Kjötiðn	1	2	0	5	4	8	0	1	0	6	2	2
Matartæknabraut	14	16	20	17	11	15	0	16	1	21	21	5
Matreiðsla	38	35	51	49	53	58	61	71	103	94	107	47
Matsveinn	25	24	27	28	18	11	24	14	29	24	33	29
Leiðsögunám	68	74	76	81	79	76	74	75	61	40	53	55
Meistaránám	30	37	38	26	32	50	55	57	59	54	60	57
Annað											25	
<i>Eldri brautir sem ekki eru kenndar í dag</i>												
Cezar Ritz	9	8	12	0	13	0	0	0	0			
Ferðamálanám	34	36	35	40	38	33	34	25	15	9	14	0
Grunnskólanemar	0	0	2	92	167	88	24	40	57	12		
Hagnýtt fjármála- og viðskiptanám	16	0	25	0	31	23	38	0	0			
Listnámsbraut	1	2	1	1	0	0	0	0	0			
Málabraut/Alþjóðabraut	80	81	71	73	93	84	70	61	40	12	2	
Skrifstofubraut	76	112	134	115	101	55	0	0	17			
Samtals	1286	1365	1414	1398	1505	1343	1123	1089	1005	871	989	895



Mynd 13 Við lok jafnréttisdaga var slegið í pylsuveislu

Brotthvarf

Stöðugt er unnið að því að draga úr brotthvarfi nemenda.

Umsjónarkennarar nemenda undir 18 ára fylgjast með nemendum og ástundun þeirra fyrstu tvö árin í skólanum í sérstökum áfanga þar sem nemendum er kennt að halda utan um nám sitt og þau frædd um það sem skiptir máli varðandi námið og uppbyggingu námsferilsins.

Námsráðgjafar vinna með framtíðarsýn nemenda og leiðbeina þeim með kynningum á námsleiðum og störfum í samfélaginu og taka við þau regluleg viðtöl. Námsráðgjafar fylgja eftir útskriftarefnum bæði í bók- og verknámi. Reglur um mætingar og ástundun hafa verið skerptar og þeim fylgt fast eftir. Námsráðgjafar eru í samvinnu við foreldra/forráðamenn margra nemenda sem standa höllum fæti. Samskiptin fara

Aðsókn í Ferðamálastólann nær hrundi frá haustinu 2018 og var hann formlega lagður af haustið 2020. Það er áfram áhyggjuefni hversu lítil aðsókn er í kjötið og gengur hægt að laða fleiri nemendur að þessu gagnlega námi en til skoðunar er í skólanum að bjóða í meira mæli upp á dreifnám í fámennum greinum.

Vinsælasta bóknámsbrautin í dag er Opna brautin þar sem nemendur geta valið sér fleiri en eitt sérsvið, en með lækkandi aldri nemenda við útskrift hafa þau síður gert upp hug sinn varðandi frekara nám.



14 Góðar stundir í Sunnusal

fram í viðtölum í skólanum, með símhringingum og tölvupósti. Foreldrum allra nýnema er boðið á sérstaka kynningu í skólanum og þeir hvattir til að vera í reglulegu sambandi við skólann ef eitthvað er.



Mynd 15 slakað á í Orminum á milli kennslustunda

Í meðfylgjandi töflu sést brotthvarf eftir kynjum og hverjar ástæður brotthvarfsins eru.

Vorönn 2021											
	Andleg veikindi	Fór að vinna	Áhugaleysi	Fór í annan skóla	Fór í fjarnám	Líkamleg veikindi	Nám of erfitt	Flutningar	Visað úr skóla	Annað	Samtals
Piltar	1	1		1			1		5		9
Stúlkur	1	2		1		1		1		2	8
Haustönn 2021											
Piltar	1		3	1	1				8	2	16
Stúlkur	5		1	1		3	1		2	4	17



16 Fjarlægðatakmarkanir í starfsmannamötuneyti

Það vekur athygli að brotthvarf á haustönn er helmingi meira en brotthvarf á vorönn 2021. Má fastlega gera ráð fyrir að áhrif heimsfaraldursins sé farið að gæta, því miður.



17 Nemendur í frumkvöðlafræði selja afrakstur vetrarins



18 Lokahátíð umhverfisdaga



19 Dagur bleiku slaufunnar bakaður í „slaufuhring“

Brautskráningar

Brautskráðir, vor 2021									
	Stúdentsbrautir	Bakstur	Framreiðsla	Iðnstúdent	Matreiðsla	Matartæknar	Matsveinar	Meistaránám	Starfsbraut
Piltar	41	6	6	2	23			36	2
Stúlkur	15	3	4		3	3	10	13	



20 Verðlaunahafar bóknáms vorið 2021

Brautskráðir, haust 2021						
	Stúdentsbrautir	Bakstur	Framreiðsla	Iðnstúdent	Matreiðsla	Meistaránám
Piltar	14	1	3	1	11	1
Stúlkur	1	0	4		4	1



21 Verðlaunahafar verknáms vorið 2021

Félagslíf í MK

Árið 2021 var árið þar sem tókst að hefja að nýju skipulagða viðburði í félagslífinu. Þrátt fyrir það voru talsverðar takmarkanir á starfinu allt árið. Það var reynt að framkvæma sem flestar hugmyndir sem upp komu innan samkomutakmarkana á hverjum tíma. Á árinu var rýmið í austurálmú skólans fyrir framan bókasafnið endurnýjað en nemendur kalla rýmið Orminn eftir löngum og hlykkjóttum sófa sem þar stendur. Þægilegum sófum var komið þar fyrir og hafa nemendur látið sér vel líka. Í framhaldi af því var ein kennslustofan í austurálmunni tekin undir félagsstarf nemenda og sett upp poolborð, borðtennis, fótboltaspil, þythokki og píluspjald.

Árið byrjaði af krafti og GettuBetur lið skólans uppskar eins og til var sáð. Liðið vann FAS í fyrstu umferð og Borgarholtskóla í annarri. Það var því í fyrsta skiptið í mörg ár sem liðið okkar fékk tækifæri til að keppa í stjórnarþessal. Liðið okkar stóð sig mjög vel og var skólanum til sóma, ásamt hópi af nemendum sem undirbjó dansskemmtiatriði.



Mynd 22 Hljóðlaust diskóball - baðað ljósum

MK átti lið í FRÍS, framhaldsskólaleikum innan Rafíþróttasamtaka Íslands. Á mótinu var keppt í CS:GO, Rocket League og FIFA. Liðin okkar stóðu sig vel og komumst í undanúrslit í heildarkeppninni og spiluðu úrslitaleik í FIFA. Liðin okkar eiga mikið hrós skilið fyrir frábæran árangur.

Söngkeppni var haldin með FG í byrjun febrúar. Sigurvegari MK var Tindra Gná Birgisdóttir og tók hún þátt í söngkeppni framhaldsskólanna í framhaldinu.

Andvökunótt var svo haldin í skólanum um miðjan mars. Nemendur vöktu auðvitað alla nóttina við leik

og spil. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá, s.s. karóki, borðtennis að ógleymdu silent diskói sem sló í gegn.



Mynd 23 Gettu betur lið MK: Egill Orri Elvarsson, Gunnheiður Guðmundsdóttir og Jason Máni Guðmundsson

Haustið fór af stað með miklum krafti. Farið var þetta árið í tvær nýnemaferðir, annars vegar með nýnemahóp haustsins, nemendur fædda 2005 og svo hálfum mánuði síðar var hópnum sem missti af sinni nýnemaferð boðið að fara, en það eru nemendur fæddir 2004. Ferðirnar voru yfir nótt og skemmti nemendahópurinn sér vel. Sérstaklega var gaman að heyra hvað eldri hópurinn var ánægður með að fá loksins að fara, þó það væri ári seinna.

Um leið og losnaði um samkomutakmarkanir, var haldið nýnemaball á Spot. Miðar á ballið seldust auðvitað upp enda mikil gleði og tilhlökkun meðal nemenda að komast loksins á ball, sem lukkaðist í alla staði vel.

Á haustönninni var einnig haldin íþróttavika með fjölbreyttum viðburðum s.s. fótboldamóti, kraftlyftingamóti o.fl. Nýjasti viðburður skólaársins var hin árlega óáfenga kokteilaþing. En það var keppni á milli nemenda um að búa til sem bestan óáfengan kokteil. Þetta var mjög vel heppnaður viðburður sem gefur öllum nemendum skólans tækifæri á að reyna við eina af greinum Matvælskólans. Vonandi náum við að halda þessum viðburði sem árlegum. Fjölmargt fleira gerðu nemendur sér til skemmtunar sem of langt mál væri að telja alla upp.

Nemendur sem leiddu félagslífið á skrítnum tímum eiga hrós skilið. Þolinmæði nemenda þegar fresta þurfti viðburðum sem búið var að skipuleggja var einstök, þau tóku öllum breytingum og u beygjum af jafnaðargeði og jákvæðni. Auður skólans er svo

Forvarnir

Forvarnir eru mikilvægur þáttur í starfi Menntaskólans í Kópavogi. Leiðarljós skólans er m.a. að stuðla að bættri líðan og heilsu nemenda innan skóla sem utan.

Silja Brá Guðlaugsdóttir hefur starfað sem forvarnafulltrúi frá hausti 2021.

Forvarnardagurinn var haldin 6. október, eftir Covid hlé var ákveðið að leggja mikla áherslu á þennan dag og var dagskráin óvenju öflug. Lagt var út frá tveimur meginþemum, forvörnum vegna ofbeldis og áfengislausum lífstíl. Harpa Oddbjörnsdóttir kom frá Barnahúsi og talaði um afleiðingar ofbeldis á börn og unga einstaklinga. Samfélagslögreglan kom og ræddi við nýnema um ofbeldi. Í morgunmatnum kom svo samfélagsmiðlastjarnan og fyrrverandi

sannarlega mikill í frábærum nemendum sem eru til í að láta gott af sér leiða og gera félagslífið skemmtilegt bæði fyrir sig og aðra nemendur skólans.

MKingurinn, Eva Ruza, og ræddi um áfengislausan lífsstíl.

Við vorum svo heppin þennan forvarnardag að Forseti Íslands kom og heimsótti okkur í tilefni hans. Hann skoðaði skólann í leiðinni og hitti m.a. nýnema og afreksnemendur og átti við þau gott samtal.

Foreldrafundur var haldin 2. nóvember þar sem við fengum kynningu á fíkniefninu Spice, en það var starfsmaður úr Foreldrahúsi sem kom og sá um þá fræðslu.

Mánudagurinn 8. nóvember var dagur gegn einelti. Lilja frá Kvan kom og hélt fyrirlestur um einelti og afleiðingar þess.



Mynd 24 Forseti Íslands kom í heimsókn á forvarnadaginn. Honum líkaði vel heimsókn í bakarið



Mynd 25 Nemendur úr MK í Molanum, ungmennahúsi Kópavogs



Námsráðgjöf í MK

Stöðuhlutfall náms- og starfsráðgjafa er 200%, á vorönn 2021 skiptu 3 námsráðgjafar stöðuhlutfallinu á milli sín og frá haustönn voru þeir tveir.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er fyrst og fremst að vera talsmenn nemenda, hugsa um hagsmuni þeirra og finna með þeim leiðir til árangurs í námi.

Náms- og starfsráðgjafar þjónusta breiðan hóp nemenda. Það eru nemendur á bóknámsbrautum, nemendur í matvælanámi og svo nemendur í leiðsögunámi. Nemendur á framhaldsskólabró og á starfsbraut eru með sérstakan umsjónarkennara og vinna námsráðgjafar náið með þeim kennurum.

Nemendur með greindan námsvanda fá séraðstæður í lokaprófum, talgervil inn á öllum prófum og lengri próftíma. Námsráðgjafar aðstoða nemendur í prófum ef þörf er á. Verkefnatímar í stundatöflu nýtast öllum nemendum vel sem þurfa aukna aðstoð í námi.



SIGRUM ÞESSA ÖNN!!

Gerid þetta saman!

Gerðu plan fyrir daginn!

Hittu vini og hreyfðu þig!

Það hefur aldrei verið vinsælla að læra saman - þið kunið á samfélagsmiðla og svo má kannski hjóða heim!

Samtal um verkefnið hjálpar!!

namsradgjof@mk.is

Námsráðgjafar eru í samstarfi við marga aðila utan skólans. Má þar fyrsta telja foreldra, félagsráðgjafa og sálfræðinga, BUGL, geðdeild sem og náms- og

starfsráðgjafa hjá símenntunarstofnunum, grunnskólum og öðrum framhaldsskólum.

Námsráðgjafar í framhaldsskólum funda reglulega og félagið stendur fyrir námskeiðum og kynningum.



Mynd 26 Aðstoðarskólameistari Hjördís Einarsdóttir vígir poolborðið. Hún er ekki alltaf svona klædd

Covid setti mark sitt á skólaárið og þá helst með þeim hætti að kennarar og nemendur voru mikið frá vegna veikinda. Vegna fjarkennslu voru námsráðgjafar með mikla fjarráðgjöf með símtölum, tölvupóstssamskiptum og myndsamtölum. Ágætlega gekk að ná til nemenda með þessum hætti en álagið var mikið. Það jákvæða við þetta tímabil var að námsráðgjafar komu sér upp vinnuáferðum í gegnum tæknina og mun sú reynsla nýtast áfram í störfum þeirra.

Erlent samstarf

Í MK hefur erlent samstarf verið ríkur partur af skólastarfinu og við skólann starfar sérstakur alþjóðafulltrúi í hlutastarfi. Alþjóðafulltrúi heldur utan um erlend verkefni skólans og tekur á mót erlendum gestum. MK er með vottun VET Mobility Charter í starfsmenntahluta Erasmus+ menntaáætlunar ESB. Þessi gæðastimpill auðveldar áætlanagerð og skapar betri festu í erlendu samstarfi.

Líkt og árið á undan, þá hefur erlent samstarf legið að mestu leyti niðri vegna heimsfaraldurs Covid-19. Þrátt fyrir það tóku nemendur skólans þátt í keppnum og verkefnum „erlendis“ í gegnum netið.

Matreiðsluneminn Róbert Zdravkov Demirev tók þátt í Ólympíukeppni ungra matreiðslumanna, sem var með óhefðbundnu sniði þar sem hún var haldin á netinu þetta árið. Róbert fékk sérstaka viðurkenningu (Ambassador award) fyrir ritgerð sína um það hvers vegna hann ákvað að læra matreiðslu. Einnig fékk Róbert og Ægir Friðriksson, kennari og þjálfari Róberts, viðurkenningu fyrir besta veggspjaldið um sjálfbærnistefnu skólans (Sustainability Award).



27 Róbert Zdravkov Demirev

MK fékk til sín í heimsókn kennara og nemendur frá Hotel og restaurant skolen í Kaupmannahöfn í tilefni af komu Friðriks krónprins Danmerkur til landsins í október. Nemendur okkar í MK ásamt dönskum kollegum fengu það verkefni að útbúa smárétti í

veislu sem haldin var til heiðurs prinsinum í danska sendiráðinu. Nemendur okkar í framreiðslu tóku þátt í að bera veitingarnar fram.



28 Danskir nemendur frá Hotel og restaurantskolen

Á vorönn 2021 lauk alþjóðlegu samvinnuverkefni sem heitir M4E3. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við fjölbrautaskólann í Numedal og menntaskólann í Teplice í Tékklandi. Í verkefninu er lögð áhersla á að nemendur frá MK kynnist nemendum frá Tékklandi, menningu og auðlindum og að tékkneskir nemendur kynnist okkar menningu og auðlindum. Verkefnið er styrkt af sjóðnum Iceland, Lichterstein and Norway grants og DZS (DZ Education). Upphaflega hófst þetta samvinnuverkefni á vorönn 2020 og þá unnu 13 nemendur í MK með 16 nemendum í Tékklandi verkefni sem nefndist Orka. Var það þriggja eininga áfangi sem lagði áherslu á orku, orkuvinnslu, mat á umhverfisáhrifum og sjálfbæra orkuvinnslu í þessum tveimur löndum. Þegar tékknesku nemendurnir áttu að koma til Íslands var skólinn lokaður og allri vinnu frestað til vors 2022 vegna Covid heimsfaraldursins.

Afrekssviðið



29 Nemendur á afrekssviði haustið 2021

Afrekssvið Menntaskólans í Kópavogi vex og dafnar með hverju árinu. Sviðið er samstarfsverkefni skólans og íþróttafélaganna Breiðabliks, Gerplu og HK sem leggja til aðstöðu og þjálfara í verklegar greinar. Hugmyndafræðin á bak við Afrekssviðið er sú að veita ungu fólki færi á að stunda kröfuhart nám með sveigjanleika sem hæfir íþróttaiðkun. Við Afrekssvið störfuðu Daði Rafnsson, Aron Már Björnsson og Sara Lind Stefánsdóttir.



Aðsókn á afrekssvið hefur aukist mikið á þeim þremur árum sem það hefur verið starfrækt og gefur til kynna að mikil þörf hafi verið á þessari þjónustu. Veturinn 2021-2022 stunduðu 162 nemendur nám á afrekssviði. Meðal afreka nemanda sviðsins má nefna að Þyrí Ljósbjörg Willumsdóttir var fyrsti nemandinn sem útskrifaðist úr fyrsta árganginum sem hóf nám þegar sviðið var stofnað 2019 og stefnir á frekara nám meðfram knattspyrnuíðkun í Bandaríkjunum. Elías Rafn Ólafsson útskrifaðist á sama ári og hann varð aðalmarkvörður íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu og vann sér inn byrjunarliðssæti í FC Midtjylland í Danmörku.

Ágúst Orri Þorsteinsson fór í atvinnumennsku í knattspyrnu hjá Malmö í Svíþjóð. Landsliðskonan Jóhanna Margrét Sigurðardóttir fór í atvinnumennsku í handbolta að lokinni útskrift og samdi við sænska liðið Önnareds og Lilja Ágústsdóttir fór sömuleiðis til Lugi í sænsku deildinni. Lilja tók þátt í Evrópukeppni meistaraliða með Val fyrir áramót og Vigdís Lilja Kristjánsdóttir spilaði í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu með Breiðablik. Sundmaðurinn Simon Elías Statkevicius vann sér inn sæti á EM í 50m flugsundi. Fimleikamaðurinn Dagur Kári Ólafsson varð tvöfaldur Norðurlandameistari þegar hann sigraði í bogahesti og á svifrú haustið 2021. Felix Einarsson dansaði í 30 manna úrslitum í latin dösnum í



Blackpool. Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir tók þátt í Junior Grand Prix í listdansi á skautum. Skíðamennirnir Björn Davíðsson, Jón Erik Sigurðsson, Pétur Reidar Kolsöe kepptu á

Vetrarleikum ungmenna. Fjöldinn allur af nemendum sviðsins var á ferð og flugi með yngri landsliðum Íslands í hinum ýmsu íþróttagreinum og kom sér þá vel að hafa svigrúm til fjarveru frá skóla og skilningsríka kennara. Þeim og námsráðgjöfum er þakkað sérstaklega fyrir stuðninginn.

Að þjálfun komu fjöldi framúrskarandi þjálfara úr samstarfsfélögum MK. Sjúkraþjálfun Sporthúsinu sá um nemendur sem voru meiddir. Fagstjóri afrekssviðs og áfangastjóri bóknáms ásamt samstarfsfélögum skólans heimsóttu danska framhaldsskólann Falkonergarden haustið 2021. Skólinn er einn sá fremsti í Evrópu hvað varðar utanumhald íþróttafólks með námi og var ferðin lærdómsrík. Ljóst er að mikil tækifæri eru enn til staðar til að þjónusta ungt afreksíþróttafólk enn betur með markvissri stefnu og umgjörð og framtíðin er björt í MK.



30 Umsjónarmaður fasteigna og áfangastjóri verknáms dedúa við jólaþrengingarnar



Mynd 31 Frá heimsókn MK til Danmerkur þar sem afreksíþróttaskóli í Kaupmannahöfn var skoðaður



Mynd 32 Það þarf ekki alltaf að finna upp hjólið, danir sinna afreksíþróttafólki afar vel



Starfsbraut

Starfsbraut fyrir einhverfa nemendur var stofnuð við Menntaskólann í Kópavogi haustið 1999. Námið á brautinni er einstaklingsmiðað. Hver nemandi er með sína einstaklingsnámskrá. Námsmat er fjölbreytt og aðferðir taka mið af fjölbreyttum kennsluháttum, námsmarkmiðum og hæfni nemenda. Markmið náms og kennslu á starfsbraut eru að:

- stuðla að allhliða þroska nemandans.
- veita nemendum einstaklingsmiðuð námstækifæri.
- auka sjálfstraust, sjálfstæði og samskiptahæfni.
- veita nemendum reynslu, þekkingu og færni sem nýtist þeim í daglegu lífi.



Mynd 33 Nanna Þóra Andésdóttir og Eygló Ingólfsdóttir fagstjórar starfsbrautar með glöðum nemendum skólans.

Námsgreinar sem kenndar eru á brautinni eru: íslenska, enska, stærðfræði, samfélagsgreinar, matreiðsla, bakstur og heilsuefning. Á þriðja- og fjórða ári er í boði að nemendur fari í starfsþjálfun, bæði innan skólans og úti á almennum vinnumarkaði. Þá er einnig lögð mikil áhersla á að kenna nemendum félagsfærni.

Vorönn 2021

Á vorönn stunduðu 18 nemendur nám á brautinni. Nemendur skiptast í þrjá hópa eftir því hversu umfangsmikil fötlun þeirra er. Starfið gekk vel og var með hefðbundnum hætti fyrir utan þegar samkomutakmarkanir voru í gildi í samfélaginu vegna Covid 19. En starfsbrautin fékk undanþágu til að starfa áfram með vissum takmörkunum.

Á vorönn var lögð sérstök áhersla á þætti er snúa að heilsu og vellíðan nemenda og m.a. var kennt Yoga og núvitund.



Mynd 34 Hallgrímur Sæmundsson framreiðslumeistari og kennari kennir nemendum að flamera.

Haustönn 2021

Á haustönn 2021 var starfsbrautin stækkuð og stunduðu 26 nemendur nám á brautinni. Tíu nýnemar hófu nám í byrjun annar. Hefur flestum nýnemunum gengið vel að aðlagast nýju skólaumhverfi og nýjum skólafélögum. Fjölbreyttir verklegir áfangar eru kenndir á starfsbrautinni ásamt bóklegum fögum og fjölgandi í kennarahópnum vegna stækkunar brautarinnar. Ýmsar áskoranir komu upp á haustönn en með góðri samvinnu innan hópsins sem og aðkomu utanaðkomandi fagaðila tókst að vinna úr öllum málum sem upp komu.

Jafnréttismál

Veturinn 2021-2022 voru jafnréttismál í hávegum höfð líkt og endranær í Menntaskólanum í Kópavogi. Jafnréttisfulltrúi skólans, María Hjálmtýsdóttir, og námsráðgjafar skólans hafa setið í starfshópi á vegum ráðuneyta og Landlæknisembættisins vegna forvarna gegn kynferðisofbeldi, en María er auk þess í starfshópi á vegum Menntamálaráðuneytis að vinna kennsluefni tengt téðum forvörnum fyrir skólastigið. Jafnréttisfulltrúi skólans átti jafnframt þátt í skipulagningu og framkvæmd málþings um forvarnar gegn kynferðisofbeldi þar sem fulltrúar HÍ, lögregluembættisins, KÍ, grunnskóla, frístundastarfs, Stígamóta, Samtakanna 78 og fleiri aðila komu saman til að bera saman bækur sínar og læra af skoskum gestum Ofbeldisvarnarskólans sem hafa áralanga reynslu í sama málaflokki.

Jafnréttisvika MK var loksins haldin aftur í húsi í byrjun mars og metnaðarfull dagskráin vakti athygli langt út fyrir skólann. Hluti vikunnar var tileinkaður hinseginmálefnum en vikunni lauk með glimmerfylltum gleðitónleikum Páls Óskars í Orminum þar sem nemendur dönsuðu sig sveitta.



35 Það ruglar enginn í Maju - hún er jafnréttisfulltrúi MK



Fagnámskeið

Löng hefð er fyrir námskeiðahaldi í Menntaskólanum í Kópavogi. Sæmundur fróði (símenntunarstöð) hefur verið lagður af um tíma, en áfram er áhugi á alls kyns námskeiðum í samstarfi við stéttarfélag og fleiri aðila. MK og Efling stéttarfélag hafa um nokkurra ára bil staðið fyrir Fagnámskeiðum I - III en það er sveigjanlegt lotutengt nám í grunnnámsgreinum matvæla og veitingagreina. Námið er skipulagt með þarfir fullorðinna og starfandi fólks í huga.

Mikið er lagt upp úr gagnsemi námskeiðanna og er markmiðið að auka færni starfsfólks til að sinna störfum sínum í mötuneytum og eldhúsum og til að takast á við fjölbreytileg og síkrefjandi störf í atvinnugreininni. Kennslan beinist að raunverulegum viðfangsefnum þar sem tilteknir verkþættir eru æfðir undir handleiðslu fagfólks.

Umhverfismál

Menntaskólinn í Kópavogi tók fyrsta græna skrefið vorið 2021 og stefnt er að því að taka öll fimm skrefin innan 3 ára. Gerð loftlagsstefnu er í mótun og heilmikil vinna innan skólans er nú sett í að vinna gegn matarsóun.

Umhverfis dagar voru haldnir í september að vanda þar sem skólastarfið var brotið upp og umhverfismálin sett í brennidepil.

Blái herinn mætti með kynningu, fjallað var um plökk innan og utan bæjarmarkanna og Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra mætti í skólann og fjallaði um umhverfismál á Íslandi í víðu samhengi sem og aðgerðir stjórnvalda í loftlagsmálum. Auðvitað var vikunni „slúttað“ með góðu party í Sunnusal þar sem DJ Dóra hélt uppi stuði í löngu hádegi.



36 Nemendur í matreiðslu og þátttakendur í Valorverkefninu

MK er þátttakandi í hinu svokallaða Valor verkefni ásamt Skútustaðahreppi í Mývatnssveit. Þar er um að ræða samstarfsverkefni ásamt Færeyjum og Grænlandi þar sem sjónum okkar er beint að nýtingu hráefnis í heimabyggð.



37 Sigurður Daði Friðriksson deildarstjóri matreiðslu sýnir réttu handbrögðin

Ægir Friðriksson og Sigurður Daði Friðriksson kennarar skólans í matreiðslu fylgdu nemendum á öðru ári norður í Mývatnssveit í september þar sem gnægtarbrunnur náttúrunnar var kynntur fyrir nemendum bæði á leiðinni og á áfangastað fyrir norðan. Sveppir, söl og íslenskar villtar kryddjurtir voru týnd og þurrkuð og að sjálfsögðu var slegið í veislu þar sem okkar fólk eldaði hráefni úr héraði eins og MK kennurum og nemendum er einum lagið.

Upplýsinga- og tækniver

Hér veitum við notendum góða þjónustu, aðstoðum við heimildaleit, finnum lestrarefni við hæfi og útvegum gögn í millisafnaláni. Í tækniverinu fá nemendur tölvuþjónustu hvort sem það er hjálp við útprentun eða sérhæfðari þjónusta.

Síðast en ekki síst býður upplýsinga- og tækniverið upp á góða vinnuástöðu þar sem nemendur geta komið og unnið sín verkefni í næði og nýtt þau gögn sem upplýsinga- og tækniverið býður uppá.

Notkun á upplýsinga- og tækniverinu og vinnurýmum þess er mikil. Fundarherbergið var að venju mikið notað. Matreiðslunemar nýttu sér vinnuástöðu og nemendur í hinum ýmsu áföngum komu ýmist með kennurum eða fengu að nota safnið í sínum verkefnum þegar þeir voru í kennslustundum.




38 Villi og Rolli - halda utan um tölvumálin

Kynning á hlutverki upplýsinga- og tæknivers var með hefðbundnu sniði í vetur.

Boðið er upp á kennslu í heimildanotkun hjá útskriftarefnum í LOVE áfanga (lokaverkefni) en þar er lögð áhersla á að nemendur leggi mat á heimildir


og áreiðanleika þeirra og að leita í gagnasöfnum. Einnig er fjallað um siðferði á vefnum og að nemendur gæti hófs þegar þeir sækja efni af vefnum og séu meðvitaðir um ritstuld og hvernig vísa þarf til heimilda.



39 Ingibjörg Jónsdóttir forstöðumaður upplýsinga- og tæknivers

Nýtt bókasafnskerfi verður tekið í notkun sem á að leysa Gegni af. Nýja kerfið heitir Alma og á að vera komið í notkun haustið 2022 ef allt gengur eftir.

Við tókum þátt í átakinu „vinna með stuðningi“ í vetur á vegum Vinnuálastofnunar og fengum starfsmann í 25 % stöðugildi.



Leiðsöguskólinn

Vorönn 2021: Eins og mörg undanfarin ár voru tvö kjörsvið í boði í Leiðsöguskólanum á vorönn 2021, almenn leiðsögn og gönguleiðsögn. Í júní útskrifuðust 27 nemendur úr skólanum, 19 úr almennri leiðsögn og 8 gönguleiðsögumenn.

Almennt kjörsvið

Í almennri leiðsögn eru nemendur undirbúnir undir það að leiðsega erlendum ferðamönnum í rútuferðum. Segja má að farinn sé hringurinn í kringum landið í kennslustundum annarinnar þar sem kennari fræðir nemendur um hvað sé frásagnarvert og skoðunarvert á hverjum stað.



Nemendur fara í fjórar æfingaferðir í rútu þar sem þeir fá þjálfun í leiðsögn, en það krefst nokkurrar þjálfunar að segja frá úr sæti leiðsögumannsins og snúa baki í áheyrendur. Æfingaferðirnar eru Reykjavíkurfærð, Reykjaneshringur, Gullhringurinn og tveggja daga ferð um Snæfellsnes og Borgarfjörð. Að auki fara nemendur í tvær prófferðir í rútu, Reykjavíkurfærð og Gullhring, en þá er frásögnin tekin upp og síðan metin af prófdómurum. Við námsmatid er ekki bara tungumálakunnátta nemenda metin því frásögnin þarf bæði að vera áhugaverð og skemmtileg fyrir ferðamanninn og leiðsögumaður verður líka að fara rétt með staðreyndir. Einnig er farið í tvær gönguferðir þar sem dregið er um hvenær nemendur leiðsega, um Elliðaárdalinn og miðbæ Reykjavíkur. Námi í almennri leiðsögn lýkur með hringferð um landið þar sem nemendur skiptast á að leiðsega og fá að auki leiðsögn frá staðkunnum leiðsögumönnum. Í öllum ferðum fá nemendur leiðbeiningar frá kennara um það sem betur má fara í frásögn sem og framkomu. Kennsla var í höndum

fjögurra kennara en að auki kom nokkur fjöldi gestafyrirlesara að kennslunni.

Af kjörsviðinu útskrifuðust 19 leiðsögumenn, 12 karlar og 7 konur. Að þessu sinni voru flestir nemendur með ensku sem kjörmál en fjórir útskrifuðust með þýsku. Sex úr hópnum hafa lokið meiraprófi og geta því tekið að sér ökuleiðsögn.

Gönguleiðsögn

Gönguleiðsögumenn eru fyrst og fremst þjálfaðir í að fara með ferðamenn í gönguferðir. Þar sem oftast þarf að nota rútu til að koma hópum á upphafsstað göngu, og margar ferðir eru blanda af gönguferð og rútuferð, þá fá nemendur á þessu kjörsviði einnig nokkra þjálfun í að leiðsega í rútu.



Nemendur fara í tvær æfingaferðir og eina prófferð í rútu og þjálfá sig í leiðsögn með hljóðnema. Mikil áhersla er lögð á verklega þjálfun og fara nemendur í sólarhrings rötunarferð, æfingaferð í þverun straumvatna og á tvö helgarnámskeið: Vetrarferðamennska og Ferðamennska á jöklum. Að auki þurfa nemendur að fara í tíu gönguferðir á eigin vegum og skrá upplýsingar í svokallaða loggbók. Ferðirnar þurfa að vera a.m.k. fjórar klukkustundir á göngu. Nemendur læra um veðurfar á fjöllum og um jökla. Þeir fá þjálfun í hópstjórn og fá tilsögn í að nota

skyndihjálpi fjarri alfaraleið, en ef slys ber að höndum í gönguferðum er oft nokkur bið á aðstoð og því mikilvægt að leiðsögumenn geti brugðist rétt við og búið vel um hinn slasaða til að gera honum biðina bærilegri. Í lok annar er farið í fimm daga gönguferð um óbyggðir sem nemendur skipuleggja sjálfir. Nemendur æfa sig í að lesa kort og nota áttavita og GPS tæki sem og leiðsagnartækni. Gist er í tjöldum og allur búnaður borinn á bakinu.

Margir kennarar og gestafyrirlesarar koma að kennslu í gönguleiðsögn en sjö kennarar halda utan um bóklega áfanga annarinnar.



Átta nemendur útskrifuðust úr gönguleiðsögn, 6 karlar og 2 konur, öll með ensku sem kjörmál nema einn sem er með þýsku. Að þessu sinni er enginn með aukin ökuréttindi né hefur lokið Wilderness First Responder námskeiði, en það er 8 daga skyndihjálparnámskeið sem veitir alþjóðleg réttindi. Allir hafa lokið 2 námskeiðum í Fyrstu hjálpi SKY101 og SKY201. Mælt er með að þeir sem taki að sér leiðsögn í ferðum fjarri byggð hafi lokið WFR.

Val- og endurmenntunarnámskeið

Á vorönn velja nemendur í almennri leiðsögn fjórar einingar og nemendur í gönguleiðsögn tvær einingar. Fyrirlestarnir sem eru í boði eru nokkuð fjölbreyttir en hver fyrirlestur er fjórar kennslustundir. Á vorönn

2021 voru þessir fyrirlestrar í boði: Íslendingasögur - teknar voru fyrir Njáls saga, Egils saga, Laxdæla og Grettis saga; Jarðfræði vinsælla gönguleiða á Íslandi; Laugavegurinn og Fimmvörðuháls, Reykjanes og Vatnajökulsleiðir. Einnig var fjallað um Norðurljós, stjörnuhimininn og manngerða hella auk fararstjórnar erlendis.

Svæðisleiðsögn

Leiðsöguskólinn er móðurskóli í leiðsögunámi og hefur sem slíkur haft hönd í bagga með þeim aðilum sem hafa staðið fyrir svæðisleiðsögunámi en svæðisleiðsögn hefur verið kennd víðsvegar um landið. Öll tungumálpróf eru metin af prófdómurum Leiðsöguskólans sem tryggir að þeir sem útskrifast sem svæðisleiðsögumenn hér á landi standast sömu kröfur og gerðar eru til nemenda í Leiðsöguskólanum. Svæðisleiðsögunám var hvergi í boði á árinu.

Haust 2021: Innritun í Leiðsöguskólann fyrir skólaárið 2021-2022 var ágæt. Um 50 nemendur hófu nám í ágúst. Það verður æ algengara að nemendur dreifi náminu á tvö skólaár, sumir voru á atvinnuleysisbótum og geta því ekki verið í fullu námi án þess að bætur þeirra skerðist. Aðrir kjósa að dreifa náminu á lengri tíma því það er jú heilmikill tími sem fer í að vera í fullu námi. Fjöldi tungumálakennara fer eftir kjörtungumálum nemenda en miðað er við að a.m.k. þrjú nemendur séu í hverjum hópi. Að þessu sinni voru fimm hópar í áfanganum Tungumálanotkun TMN102. Enskan er langvinsælust en í því tungumáli voru fjórir hópar og einn hópur í þýsku. Einn nýr málstjóri í ensku hóf störf en engar aðrar breytingar voru á kennarahópi skólans að þessu sinni. Að vanda kom fjöldi gestafyrirlesara og prófdómara að skólstarfinu.

Áhrif Covid-19

Kórónuveirufaraldurinn hafði töluverð áhrif á starfsemi Leiðsöguskólans á árinu. Nemendur fóru m.a. í jarðfræðiferð á Sumardaginn fyrsta sem hafði verið á dagskrá í lok september og færa þurfti ferðir þar til síðar á önninni þegar samkomutakmarkanir voru rýmri. Það var því mikið álag á nemendum í lok vorannar en það náðist þó að ljúka öllum verkefnum annarinnar fyrir útskrift. Kennslustundir haustannar voru sendar út í gegnum Teams og höfðu nemendur

val um að mæta í kennslustofu eða hlusta heima.



Flestir mættu í skólann enda mikið skemmtilegra að vera í kennslustofunni en nokkrir nemendur lentu ítrekað í sóttkví og þá var gott að geta fylgst með úr fjarlægð. Nemendur og kennarar skólans sýndu oft á tíðum erfiðum aðstæðum mikinn skilning og lögðust á eitt að láta hlutina ganga sem best fyrir sig. Slík

samvinnufýsi og sveiganleiki er svo sannarlega þakkarverð.



Mannauður

Skólanefnd

Aðalmenn án tilnefningar

Eysteinn Pétur Lárusson

Steinþór Jónsson

Svandís Dóra Einarsdóttir

Aðalmenn samkvæmt tilnefningu Kópavogsbæjar

Anna María Bjarnadóttir ritari

Guðmundur Birkir Þorkelsson formaður

Áheyrnarfulltrúi kennara

Gerður Bjarnadóttir

Stjórnendur

Guðríður Eldey Arnardóttir

Hjördís Einarsdóttir

Baldur Sæmundsson

Helene H. Pedersen

Sigríður Guðrún Sveinsdóttir

Skólameistari

Aðstoðarskólameistari

Áfangastjóri verknáms

Áfangastjóri bóknáms, leyfi H21

Náms- og skrifstofustjóri

Kennarar

Adolf Hólm Petersen

Aleksandra Kojic

Anna Fanney Ólafsdóttir

Aron Már Björnsson

Ásdís Óskarsdóttir Vatnsdal

Ásgeir Þór Tómasson

Ásthildur Guðmundsdóttir

Bárður Guðlaugsson

Bergrós Ásgeirsdóttir

Caroline Nicholson

Dóra Svavarsdóttir

Elín Guðmannsdóttir

Elísabet Björnsdóttir

Elisabeth Saguvar

Eva Hrönn Stefánsdóttir

Eygló Erla Þórisdóttir

Eygló Ingólfssdóttir

Eyþór Eiríksson

Garðar Vilhjálmsson

Gerður Bjarnadóttir

Guðbjörn Sigurmundsson

Guðjón S. Magnússon

Guðlaug Ragnarsdóttir

Guðný Pálsdóttir

Guðný Ingibergsdóttir

Guðný Jónsdóttir

Félagsgreinar

Félagsfræði

Stærðfræði

Íþróttir, lýðheilsa

Enska, erlend samskipti

Bakaraíðn

Bakaraíðn, leyfi

Framreiðsla

Franska, leyfi á haustönn

Enska

Matreiðsla, vorönn

Efnafræði

Enska, leyfi

Spænska

Enska

Íslenska, danska, á haustönn

Sérkennsla

Stærðfræði

Viðskiptagreinar/gæðastjóri

Íslenska

Íslenska

Öryggismál og skyndihjálp

Matvælagreinar

Enska

Framreiðsla

Matvælagreinar

Mynd 40 Ingunn Gylfadóttir sigraði jólapeysukeppnina, skyldi engan undra



Guðríður Hrund Helgadóttir	Býska, kennslustjóri á vorönn, áfangastjóri bóknáms á haustönn
Guðrún Angantýsdóttir	Stærðfræði, leyfi á vorönn
Guðrún Sjöfn Axelsdóttir	Stærðfræði, eðlisfræði
Hallgrímur Sæmundsson	Framreiðsla
Haraldur Árni Þorvarðarson	Bakaraíðn
Harpa María Wenger Eiríksdóttir	Umhverfisfræði, ferðamálafræði
Heiðrún Hjaltadóttir	Enska
Heimir Freyr Hálfðanarson	Íslenska
Helena Halldórsdóttir	Sálfræði/forvarnarfulltrúi, leyfi
Hermann Þór Marinósson	Matreiðsla
Hildur Guðrún Hauksdóttir	Danska
Hildur Seljan Indriðadóttir	Enska, á haustönn
Hinrik Carl Ellertsson	Matreiðsla
Hrafnhildur Sigurðardóttir	Stærðfræði
Hugó Rasmus	Stærðfræði
Inga Karlsdóttir	Íslenska, starfslok vor 2021
Ingibjörg Haraldsdóttir	Eðlisfræði, starfslok vor 2021
Ingunn Gylfadóttir	Danska
Kristín Bjartmarsdóttir	Viðskiptagreinar
Laufey Ófeigsdóttir	Sálfræði
Maren Davíðsdóttir	Raungreinar
Margrét S. Sigbjörnsdóttir	Matartæknar
Margrét S. Sigurðardóttir	Líffræði, leyfi á vorönn
María Hjálmtýsdóttir	Spænska/kynjafræði/jafnréttisfulltrúi
María Ben Ólafsdóttir	Félagsgreinar, leyfi á vorönn
Nanna Andrésdóttir	Sérkennsla
Ólafur Þór Þorsteinsson	Saga
Ólög Björg Kristjánsdóttir	Fatasaumur/viðskiptagreinar, leyfi á haustönn
Ragnheiður Lárusdóttir	Íslenska
Sara Pétursdóttir	Íslenska
Sigríður Þórðardóttir	Íslenska, leyfi á haustönn
Sigrún Guðmundsdóttir	Viðskiptagreinar
Sigrún Óskarsdóttir	Viðskiptagreinar/stærðfræði
Sigurður Daði Friðriksson	Matreiðsla
Sigurlaug Rúna Rúnarsdóttir	Danska, leyfi
Silja Brá Guðlaugsdóttir	Framreiðsla
Soffía Ófeigsdóttir	Íslenska
Sólveig Ebba Ólafsdóttir	Stærðfræði, leyfi á vorönn
Stefán Svavarsson	Saga
Unnsteinn Ó. Hjörleifsson	Matreiðsla
Vilhjálmur Þór Sigurjónsson	Stærðfræði/tölvuumsjón
Þorbjörg Rún Eysteinsdóttir	Líffræði, lýðheilsa
Þórir Bergsson	Viðskiptagreinar
Ægir Friðriksson	Matreiðsla

Annað starfsfólk

Daði Rafnsson	Fagstjóri afrekssviðs
Daníel Ingi Guðmundsson	Stuðningsfulltrúi
Dóra Björg Jónsdóttir	Fulltrúi
Dorota Piotrowska	Mötuneyti
Ernesta Cibulskiene	Matráður
Elísabet H. Guðmundsdóttir	Fjármálastjóri
Geirlaug Ingólfssdóttir	Þjónustuliði, lauk störfum á vorönn
Guðmundur Kristinn Jónsson	Innkaupastjóri
Guðni Jónsson	Stuðningsfulltrúi
Guðrún S. Helgadóttir	Námsráðgjafi, lauk störfum á vorönn
Gunnfríður Friðriksdóttir	Þjónustuliði
Helga Lind Hjartardóttir	Náms- og starfsráðgjafi/þýska
Ingibjörg Jónsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Iryna Novakovska	Mötuneyti, haustönn
Íris Mjöll Ólafsdóttir	Tölvuumsjón, lauk störfum á vorönn
Josephine R. Mangubat	Þjónustuliði
Jóhanna Aradóttir	Félagslífs- og mætingarfulltrúi
Jóhanna Jónsdóttir	Þroskaþjálfari
Jón Ingvar Valdimarsson	Netstjóri, leyfi
Katarzyna Baranowska	Þjónustuliði, leyfi á vorönn
Kristín Hrönn Þráinsdóttir	Fagstjóri leiðsögunáms
Magnea Þorbjörg Einarsdóttir	Þjónustuliði
Maria Lilebeth T. Oriol	Þjónustuliði
Marzena B. Kulikowska	Þjónustuliði, á vorönn
Minming Wu	Þjónustuliði
Miranda Dorota Borowska	Mötuneyti
Ragna Gísladóttir	Ræstingastjóri, lauk störfum í október
Rolandas Mineika	Netstjóri
Sóley Líf Bergsdóttir	Þjónustuliði til 1. nóv.
Wioletta Mierzejewska	Þjónustuliði
Þórarinn Halldórsson	Umsjónarmaður fasteigna
Þórdís Þórisdóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Xueyi Li	Þjónustuliði frá 1. nóv.



Yfirlit um afkomu 2021

Tekjur	Rauntölur	Rekstraráætlun	Frávik	%
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	1.511.845.608	1.461.499.994	50.345.614	3,4%
Framlag ríkissjóðs til afskrifta	21.360.853	26.799.804	-5.438.951	-20,3%
Sértekjur	92.397.227	83.052.493	9.344.734	11,3%
Aðrar rekstrartekjur	11.878.502	13.432.499	-1.553.997	-11,6%
Samtals	1.637.482.190	1.584.784.790	52.697.400	3,3%
Gjöld				
Laun	1.117.146.140	1.114.479.827	2.666.313	0,2%
Ferðir og fundir	9.595.591	23.283.147	-13.687.556	-58,8%
Rekstrarvörur	53.608.891	54.803.460	-1.194.569	-2,2%
Aðkeypt þjónusta	48.650.655	33.334.060	15.316.595	45,9%
Húsnæði	331.781.050	329.448.401	2.332.649	0,7%
Rekstrarkostnaður	1.947.562	1.197.267	750.295	62,7%
Afskriftir	21.360.853	26.799.814	-5.438.961	-20,3%
Samtals	1.584.090.742	1.583.345.976	744.766	0,0%
Áætluð afkoma (-tap) ársins	53.391.448			

Samanburður árin 2020 - 2021				
Tekjur	2021	2020	Frávik	%
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	1.511.845.608	1.411.384.618	100.460.990	7,1%
Framlag ríkissjóðs til afskrifta	21.360.853	11.185.668	10.175.185	91,0%
Sértekjur	92.397.227	79.910.676	12.486.551	15,6%
Aðrar rekstrartekjur	11.878.502	13.681.934	-1.803.432	-13,2%
Samtals	1.637.482.190	1.516.162.896	121.319.294	8,0%
Gjöld				
Laun	1.117.146.140	1.093.622.912	23.523.228	2,2%
Ferðir og fundir	9.595.591	11.134.635	-1.539.044	-13,8%
Rekstrarvörur	53.608.891	46.153.877	7.455.014	16,2%
Aðkeypt þjónusta	48.650.655	48.911.836	-261.181	-0,5%
Húsnæði	331.781.050	315.599.545	16.181.505	5,1%
Rekstrarkostnaður	1.947.562	609.038	1.338.524	219,8%
Afskriftir	21.360.853	11.185.668	10.175.185	91,0%
Samtals	1.584.090.742	1.527.217.511	56.873.231	3,7%
Afkoma (-tap) ársins	53.391.448	-11.054.615		